

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík 26. apríl 2017
UST201703-162/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Þingey og Skuldapingey, tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Þingeyjar og Skuldapingeyjar.

Í lýsingu kemur fram að Þingey sem er 550 ha og Skuldapingey sem er 75 ha eru eyjar í Skjálfandafljóti. Einnig kemur fram að Þingey er flöt eyja og yfirborð hennar þurrt en nokkuð gróið, vaxið lyngi eini og harðgerðum jurtum. Í áætluðu deiliskipulagi verður gerð tillaga um áningarstaði og gönguleiðir og minjasvæði verða skilgreind ásamt því að koma á göngutengingu með göngubrú út í eyjarnar.


Náttúruminjaskrá


Eins og fram kemur í lýsingu er Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey á náttúruminjaskrá. Verndargildið er fallegir fossar og gljúfur og gróðurrikar eyjar ásamt söguhelgi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hafa verndargildi svæðisins í huga og að skoðaðir verði mismunandi valkostir þegar stæði fyrir göngubrú og gönguleiðir eru valin.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sverrir A. Jónsson
Sérfræðingur